

Nd.

### 31. Frumvarp til laga

[31. mál]

um jafnvægislánadeild við Framkvæmdabanka Íslands.

Flm.: Eiríkur Þorsteinsson, Páll Þorsteinsson.

1. gr.

Stofna skal við Framkvæmdabanka Íslands sérstaka lánadeild, er nefnist jafnvægislánadeild. Hlutverk jafnvægislánadeildar er að veita lán til að auka atvinnurekstur í þeim landshlutum, sem erfiðasta aðstöðu hafa sakir skorts á atvinnutækjum. Jafnvægislánadeild er undir sérstakri umsjón þriggja manna stjórnar, sem annast lánveitingar úr deildinni. Stjórnina skipa skrifstofustjórnarnir í félagsmálaráðuneytinu, atvinnumálaráðuneytinu og fjármálaráðuneytinu, og er skrifstofustjóri félagsmálaráðuneytisins formaður stjórnarinnar.

2. gr.

Ríkissjóður greiðir jafnvægislánadeild 10 millj. kr. stofnframlag árlega næstu fimm ár eftir gildistöku laga þessara. Hin árlegu stofnframlög ríkissjóðs eru stofnfé deildarinnar.

3. gr.

Fjármálaráðherra ábyrgist fyrir hönd ríkissjóðs allt að 100 millj. kr. lán, sem jafnvægislánadeild tekur til starfsemi sinnar. Ríkisstjórnin og Framkvæmdabankinn hafa forgöngu um útvegum lánsfjárins.

4. gr.

Jafnvægislánadeild veitir tvenns konar lán:

1. A-lán, af lánsfé deildarinnar, gegn 1. veðrétti í botnvörpuskipum og iðnaðarfyrirtækjum, sem geta ekki fengið lán úr Fiskveiðasjóði Íslands eða Ræktunarsjóði Íslands.
2. B-lán, af stofnfé deildarinnar, gegn síðari veðrétti í fiskibátum og skipum, iðnaðarfyrirtækjum og félagsmannvirkjum.

Stofnfé má verja til A-lána, ef þörf krefur, og endurgreiðist það þá af lánsfé deildarinnar, þegar ástæður leyfa.

Vextir af A-lánum skulu vera jafnir almennum útlánsvöxtum í hönkum á hverjum tíma.

Vextir af B-lánum skulu vera við það miðaðir að bera kostnað af starfsemi deildarinnar, þó ekki hærrí en 4%. Lánstíma ákveður stjórn deildarinnar.

5. gr.

Lán samkvæmt 4. gr. verður því aðeins veitt, að færð sé rök fyrir því, að skortur sé á atvinnutækjum í sveitarfélaginu, að atvinnutæki, sem sótt er um lán til, bæti úr þeim skorti að meira eða minna leyti og að ekki sé um aðra heppilegri lausn að ræða, eins og á stendur. Umsókn um lán skal fylgja greinargerð um rekstrarmöguleika atvinnutækis.

6. gr.

Heimilt er að veita lán til hafnarbóta þar, sem löndunarskilyrði fyrir stór fiskiskip eru ekki fyrir hendi, enda sé löndun afla úr slíkum skipum að dómi deildarstjórnar nauðsynleg vegna atvinnurekstrar á staðnum.

7. gr.

Heimilt er deildarstjórninni að verja árlega allt að  $\frac{1}{10}$  stofnframlags til að greiða til bráðabirgða rekstrarskuldir atvinnutækja, sem lán er veitt til, þar sem um byrjunarörðugleika er að ræða.

8. gr.

Ársreikninga deildarinnar skal bera undir samþykki deildarstjórnar, enda undirritar hún þá reikninga ásamt bankastjóra og bankaráði Framkvæmdabankans.

9. gr.

Nánari reglur um starfsemi jafnvægislánadeildar setur ríkisstjórnin með reglugerð.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Úr bæjum og þorpum við sjávarsíðuna á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum, svo og úr sveitunum, er stöðugur straumur fólks og fjármagns til hinna vaxandi bæja við Faxaflóa. Af hálfu hins opinbera hefur nú undanfarið verið nokkur viðleitni í þá átt að ráða hér bót á. Má þar t. d. nefna starfsemi fiskimálasjóðs og úthlutun atvinnuaukningarfjár á vegum félagsmálaráðuneytisins, ríkisábyrgðir vegna fiskiðjuvera, lánadeild smáibúðarhúsa, félagsheimilásjóð, vatnsveitulögin, endurbætur jarðræktarlaga svo og útvegum fjármagns til hinna eldri lánsstofnana dreifbýlisins, svo að nefnd séu nokkur úrræði í atvinnu- og menningarmálum, sem komið hafa að gagni á þeim stöðum, sem örðugt eiga með að halda til jafns við þéttbýlið syðra.

En hér er meiri aðgerða þörf, aðgerða, sem alveg sérstaklega eru miðaðar við þá staði, sem mest þörf er á að styðja. Það er fyrst og fremst atvinnulíf þessara staða, sem þarf á stuðningi að halda. Efling atvinnulífsins er undirstaða annarra framfara. Staðir, sem húið hafa við árstíðabundið atvinnuleysi, þurfa að fá nýja möguleika. Sama er að segja um þá staði, sem orðið hafa verst úti af því, að bátamið hafa gengið úr sér vegna ágangs togara eða af öðrum ástæðum. Úrræðin eru þá þau að koma upp nýjum atvinnutækjum eða skipta að meira eða minna leyti um atvinnutæki. Einkum á þetta við um atvinnutækin á sjónum. Í seinni tíð hefur mikið verið að því unnið að koma upp hraðfrystihúsum, fiskimjölsverksmiðjum, verkunarstöðvum og öðru til að hagnýta sjávaraflann, þegar hann er kominn á land. En hin nýju fiskiðjuver og fiskverkunarstöðvar vantar víða hráefni til vinnslu, hafa það af skornum skammti. Kemur þá til greina jöfnum höndum að fjölga bátum og að fá togara til löndunar, og fer það eftir staðháttum, hvaða leið á að fara í því efni og að hve miklu leyti. Sums staðar er í þessu sambandi aðkallandi að bæta hafnarskilyrði, en erfitt fyrir hafnarsjóði að fá lán, jafnvel þótt ríkisábyrgð sé til staðar. Í landi koma ýmsar framkvæmdir til greina til eflingar atvinnulífi aðrar en þær, sem hér hafa verið nefndar. Í sveitunum bíða ýmis tilsvarendi úrlausnarefni.

Til þess að koma upp atvinnutækjum þarf fyrst og fremst fjármagn. Í þessu frv. er lagt til, að komið verði upp sérstakri lánadeild við Framkvæmdabankann, sem hafi með höndum að veita slíku fjármagni inn í atvinnulíf þeirra landshluta, sem mesta þörf hafa á að efla atvinnulífið. Lagt er til, að þetta fjármagn verði fengið sem óafturkræft framlag úr ríkissjóði, 50 millj. kr. á næstu fimm árum, og lán gegn ríkisábyrgð. Frv. þetta, ef að lögum verður, miðar að því að flytja til nokkuð af fjármagninu við sjávarsíðuna á næstu árum og beina því þangað, sem þess er mest þörf til að stuðla að jafnvægi byggðarinnar. Fjármagninu er misjafnlega varið og ekki ávallt á þann hátt, sem heppilegastur væri fyrir þróun þjóðfélagsins og uppbyggingu landsins. Verzlun landsmanna virðist óþarflega fjárfrek svo og ýmiss konar fjárfesting, einkum í höfuðstaðnum, sem verður ekki talin bráðnauðsynleg þjóðinni. En uppbygging atvinnulífsins í þeim landshlutum, sem örðugasta aðstöðu hafa, þolir ekki langa bið.

Að tilhlutun Alþingis og ríkisstjórnar er nú unnið að áætlun um framkvæmdir í þeim landshlutum, sem við erfiðasta aðstöðu búa sakir skorts á raforku, samgöngum og atvinnutækjum. Er þar um viðtækt verkefni að ræða, sem vafalaust krefst ýtarlegra rannsóknna og tekur sinn tíma. Flutningsmenn telja hins vegar, að þann þátt jafnvægis málsins (varðandi atvinnutæki), sem frumvarp þetta fjallar um, verði að leysa sem fyrst, að minnsta kosti til bráðabirgða, og ekki sé ástæða til, að sú lausn bíði eftir þeirri væntanlegu framkvæmdaáætlun, sem nú er unnið að.